

408. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 12. september
2019 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Hafdís Gunnarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Þóra Marý Arnórsdóttir, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi og Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Stefanía Helga Ásmundsdóttir, Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

Gerð var grein fyrir hver staðan væri á þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

2. Starfsáætlanir og skýrslur grunnskóla starfsárið 2019-2020 - 2019090026

Lögð fram starfsáætlun Grunnskólans á Ísafirði fyrir skólaárið 2019 - 2020.

Lagt fram til kynningar.

3. Mötuneyti í grunnskólum Ísafjarðarbæjar - 2019090044

Kynnt hugmynd um átak með grunnskólum í Ísafjarðarbæ til að minnka matarsóun. Hugmyndin snýst um að fá starfsmenn og nemendur skólanna til að leggja til hugmyndir.

Unnið áfram með skólastjórnendum.

4. Endurskoðun á skólastefnu Ísafjarðarbæjar - 2016100048

Lögð fram tilbúin og endurskoðuð menntastefna Ísafjarðarbæjar.

Lagt fram.

5. Hvatningaverðlaun fræðslunefndar til skóla í Ísafjarðarbæ - 2019090042

Lagðar fram hugmyndir tveggja sveitafélaga sem hægt væri að nota til viðmiðunar á útfærslu á hugmyndinni að Hvatningaverðlaunum fræðslunefndar til skóla í Ísafjarðarbæ.

Hugmyndir lagðar fram.

6. Starfsáætlanir og skýrslur leikskóla skólaárið 2019-2020 - 2019080006

Lögð fram starfsáætlun leikskólans Sólborgar á Ísafirði fyrir skólaárið 2019-2020.

Lagt fram til kynningar.

7. Starfsáætlanir og skýrslur leikskóla skólaárið 2018-2019 - 2018090057

Lögð fram ársskýrsla leikskólans Tjarnarbæjar á Suðureyri fyrir skólaárið 2018-2019.

Lagt fram til kynningar.

8. Málefni leikskóla haust 2018 - 2018080029

Kynnt minnisblað Stefaniú Helgu Ásmundsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs er varðar umsögn foreldra og starfsmanna vegna nýrra viðmiðunarreglna í leikskólum Ísafjarðarbæjar.

Lagt fram. Málinu frestað til næsta fundar.

9. Skóladagatöl skólaárið 2019-2020 - 2019040008

Lagt fram nýtt skóladagatal fyrir leikskólann Eyraskjól.

Málinu frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:40

Póra Marý Arnórsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Jónas Þór Birgisson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Guðrún Birgisdóttir

Stefanía Helga Ásmundsdóttir